



Hugleiðingar um hæfni

Mynd: ©Tryggvi Már Gunnarsson

Henry Alexander Henrysson, heimspekingur

Eitt vinsælasta hlaðvarp samtímans er *The Rest is Politics: Leading* þar sem þeir félagar Rory Stewart og Alastair Campbell fá til sín öfluga einstaklinga til að ræða helstu áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir. Nýlegur þáttur vakti nokkra athygli enda rætt um gríðarlega áhugaverða hluti varðandi stöðu heims-mála. Tom Fletcher aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Sameinuðu þjóðunum og fyrrverandi stjórnandi hjá Oxford-háskóla ræddi þar um mannúðarstarf, alþjóðasamvinnu og menntun. Samtal hans við stjórnendur hlaðvarpsins fór um víðan völl, en það var áhugavert að sjá hvernig ólíkir þræðir þáttarins komu saman í einu hugtaki undir lokin. Þetta hugtak var „hæfni“ (e. competence) en Fletcher taldi að eitt helsta verkefni samtímans væri að ólíkir aðilar yrðu að geta sannfært hver aðra um að þeir hefðu yfir nauðsynlegri hæfni að ráða. Bretland hefði til dæmis tapað orðspori sínu um hæfni á mikilvægum sviðum. Efasemdir um hæfni væru einfaldlega ekki eitthvað sem samtíminn réði við andspænis þeim stóru vandamálum sem þyrfti að finna lausn á. Hæfnihugtakið á sér langa sögu í textum um menntakerfi Vesturlanda, en hún er því miður of flókin til að rekja í stuttri grein. Sú

saga sem hefur mest áhrif hér á Íslandi á sér ákveðinn upphafspunkt í lok síðustu aldar og þeirri alþjóðavæðingu menntunar sem þá var að aukast. Bologna-ferlið svokallaða hefur haft það að markmiði að auðvelda evrópskum nemendum – og auðvitað útskrifuðum nemendum – að færa sig til innan Evrópu í krafti menntunar sinnar, hvort sem það er sem skiptinemar, framhaldsnemar eða þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Ferlið er auðvitað margbrotið og skiptist í marga þætti en einn sá helsti er að fá stofnanir til að horfa frekar til þess hvaða hæfni hver nemandi býr yfir fremur en einblína á hvaða þekkingaratriði farið hefur verið yfir í náminu. Því er til dæmis spurt hvaða hæfni íslenskur nemandi býr yfir eftir tiltekinn tíma í námi en ekki hvort hann hafi lært æviatriði um Jón Sigurðsson og Napóleon. Gagnsæi verður til milli ólíkra menningarsvæða.

En hvað er þá hæfni; hvað felur hæfni í sér? Hugtakið er hluti af neti hugtaka sem við notum oft án þess að gera mikinn greinarmun milli þeirra. Þetta er hugtök eins og hæfni, færni og geta (og jafnvel leikni). Á ensku er þetta enn meiri hugtakasúpa og oft erfitt að átta sig á hver merkingin er á bakvið þegar hvert hugtak er sett fram. Hér hefur *competence* áður verið nefnt sem bein þýðing á „hæfni“, en fleiri hugtök eins og *competency*, *capability* og *ability* eru oft notuð eins og

samheiti. Það getur að minnsta kosti verið nokkur áskorun þegar textar um menntakerfi eru lesnir að átta sig á hvaða merkingu hver höfundur leggur í hugtökin. Í sem stystu máli má segja að hæfni (e. competence) hafi ákveðna sérstöðu og að önnur hugtök lýsi því sem þarf að ná til að geta talist búa yfir henni. Svo má einnig velta fyrir sér hvort mögulegt sé og rétt að tala um hæfni í fleirtölu. Á ensku virðist ekkert því til fyrirstöðu að nota fleirtöluna en hún þýðist illa yfir á íslensku. Einnig má spyrja sig hvort merkingin haldi sér á ensku þegar fleirtalan er notuð. Sumir hafa siglt fram hjá því vandamáli með því að nota fleirtöluna af *competency* (*competencies*) yfir innihald hæfninnar.

Í skólaumhverfinu þekkjum við hæfnihugtakið mögulega best vegna þess sem hefur verið kallað „hæfniviðmið“. Sú leið er mikilvæg til að gera okkur kleift að ræða um hæfni í fleirtölu. Í minningunni kostaði það töluvert brólt hér innan Háskóla Íslands á sínum tíma að skrifa upp hæfniviðmið fyrir námskeið. Mörgum fannst lítill tilgangur felast í að færa sig frá því að gera grein fyrir þeirri þekkingu sem nemendur eiga að búa yfir að námskeiði loknu og yfir í hæfni. Hér verður þó að nefna að „hæfniviðmið“ er þýðing á enska hugtakinu *learning outcomes* sem augljóslega nefnir ekki hæfni. Íslenska þýðingin er þó býsna snjöll og nær betur markmiðinu sem menntayfirvöld á

meginlandinu voru að reyna að ná undir lok síðustu aldar (og sem skolaðist upp á strendur Íslands nokkrum árum seinna). Maður verður þó enn var við að víða misskilur fólk hverju hæfniviðmiðum er ætlað að ná fram. Flestir hafa líklega náð því að hæfni ætti að vera samsett úr þeim þekkingaratriðum sem nemendur áttu að fá út úr námskeiði og þeirri leikni sem þeir þurftu að búa yfir. Misskilningur í samtímanum um hvers eðlis hæfnin er kemur þó sem sagt enn fram í fullyrðingum um að erfitt sé að kenna hæfniviðmið, eins og það sé markmiðið. Kennara er ekki ætlað að kenna hæfniviðmið, og maður kennir ekki kennara þá hæfni sem maður gerir ráð fyrir að kennarinn þurfi yfir að búa. Hæfnin er marksett þess sem maður kennir. Hæfniviðmið eiga ekki að segja fyrir um hvaða efni eða aðferð verður fyrir valinu.

Í upphafi nefndi ég hlaðvarpsþátt sem sogaðist að því að ræða um mikilvægi hæfni sem svars við áskorunum samtímans. Lykilatriði í þeirri umræðu var það hlutverk sem hæfni leikur í að skapa traust. Traust er hugtak sem við notum til að lýsa sambandi milli einhvers sem þarf að treysta einhverjum öðrum vegna berskjöldunar sinnar. Berskjöldunin kemur oft til vegna þekkingar- eða kunnáttuleysis. Sá sem nýtur trausts þarf því að vinna í trúverðugleika sínum. Vissulega eru margar leiðir til að vinna í eigin trúverðugleika en tvennt leikur þar stærra hlutverk heldur en annað. Sá sem ætlar að reynast traustsins verður þarf hvoru tveggja að sýna að hann hafi hæfni til að sinna því hlutverki sem hann gegnir og að vera tilbúinn að bera ábyrgð á og svara fyrir þær ákvarðanir sem koma fram í aðgerðum hans og orðum. Samband nemenda og kennara er af þessum meiði. Kennari á hvaða skólastigi sem er þarf að búa yfir trúverðugleika í augum nemenda. Smám saman vinna nemendur svo í eigin hæfni þangað til þeir sem lengst ná í námi taka að sér hlutverk sérfræðings. Námið þarf að búa nemendurna undir að reynast trúverðugir í nýjum hlutverkum þegar út á vinnu-markað er komið.

Tílefni þessara greinarskrifa eru eigin vanga-veltur og samræður sem ég hef átt um hæfni í háskólakennslu. Án þess að búa yfir hæfni í því hlutverki er hætt við að trúverðugleiki manns verði takmarkaður. En hvað er átt við þegar við teljum einhvern eða einhverja hafa nauðsynlega hæfni til að bera til að geta starfað sem akademískur háskólakennari? Hér eru sjónarhornin náttúrulega ótal mörg. Það sem ég held þó að flestir í samtímanum séu sammála um er að sú þekking sem kennarinn býr yfir sé aldrei nægjanlegt skilyrði þótt hún kunni að vera nauðsynlegt skilyrði. Þegar nemendur eru spurðir út í eiginleika

kennaranna sem hafa haft mest áhrif á þá eru svörin mörg á þá leið að sá kennari hafi þekkingu á efninu og leikni í að miðla efninu sem hann á að kenna. Yfirleitt koma síðan fram önnur atriði sem nemendum þykja ekki síður mikilvæg (og líklega er samstarfsfólk sama sinnis). Þetta eru atriði eins og samhygð með nemendum, vilji til að sýna stuðning, sanngirni og ekki síst ástríða fyrir efninu. Páll Skúlason heitinn, fyrrverandi háskólarektor, átti sér uppáhaldssetningu sem honum fannst draga fram kjarna þeirrar gagnrýnu hugsunar sem liggur allri akademískri starfsemi til grundvallar. Bæði í samræðum og skrifum sínum lagði hann áherslu á að fólk gæti gert sjálfa sér og öðrum grein fyrir forsendum skoðana sinna. Ég túlka oft þessa setningu hans þannig að fólk eigi að geta svarað spurningunni *hvers vegna* það heldur einhverju fram. Mig grunar að öll þessi atriði sem hér hafa verið nefnd sem lykilatriði í hæfni háskólakennara (og þar af leiðandi meginsteif í trúverðugleika þeirra) birtist í því að geta gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir hvers vegna maður kennir það sem maður hefur lagt fyrir og hvers vegna maður hefur gert það á tiltekinn máta. Nemendur hafa lítinn áhuga á kennurum sem hafa hvorki vilja né getu til að svara fyrir kennslu sína.

Flestir sem fjalla um æðri menntun og stöðu hennar í samtímanum eru sammála um nokkur grundvallaratriði sem svo hafa litað það sem skrifað hefur verið um hæfni. Flest þessara atriða snerta með einum eða öðrum hætti þá staðreynd að umhverfi okkar – þar á meðal starfsumhverfi – tekur svo örum breytingum að það er ekki nokkur leið að sjá fyrir hvert tækni og samfélagsbreytingar taka okkur. Í samtímanum erum við að tala um skapandi gervigreind. Það er ómögulegt að vita hvað biður okkar í framtíðinni. Mögulega verður það næsta kynslóð af gervigreind, hugsandi gervigreind, en mjög líklega eitthvað allt annað. Það er í þessu ljósi sem er svo mikilvægt að beina sjónum okkar að hæfni því margt konar kunnátta verður úrelt býsna hratt. Við getum ekki átt við þessar margþætta áskoranir nema með því að gera okkur grein fyrir hvers vegna við búum yfir þeirri þekkingu sem við höfum öðlast og hvernig henni er beitt á sem skynsamlegastan máta. Við verðum að búa yfir hæfni til að bregðast við þegar aðstæður krefjast. Hæfnihugtakið fellur að þessu víða sjónarhorni sem við verðum að temja okkur til að verja og styðja það sem er raunverulega þess virði að gæta að.

Ég hef unnið mikið á vegum Evrópuráðsins undanfarin ár og stýri þar stóru verkefni um heilindi menntunar og menntakerfa (ETINED). Um svipað leyti og ég byrjaði að setja mig inn í þessu mál á vegum ráðsins (árið

2016) lauk vinnu sérfræðinga um þá hæfni sem borgarar þyrftu að búa yfir í lýðræðis-samfélögum. Niðurstaða vinnunnar var að sú hæfni sem er nútímasamfélögum nauðsynleg byggðist ekki eingöngu á þekkingu og leikni heldur ekki síður á viðhorfum og gildum. Sjálfur er ég ekki fullkomlega sammála þeirri nálgun sem valin var en hún byggði á að tala um hæfni í fleirtölu og nokkrar „hæfnir“ í hverjum hinna fjögurra flokka eru skilgreindar. Betur hefði farið á að tala einfaldlega um ólíka þekkingu, ólíka leikni, mismunandi viðhorf og mismunandi gildi, og svo hvernig öll þessi (tuttugu) atriði sem nefnd eru koma saman í einni lýðræðishæfni. Heildarhugsuninni er ég þó sammála og kannski eru þetta skilgreining-aratriði sem skipta ekki öllu máli. Þessi nálgun endurspeglar einnig ágætlega það sem kom fram hér að ofan um hæfni háskólakennara. Þeir eiga ekki aðeins að búa yfir þekkingu og leikni í að miðla henni. Gildi eins og sanngirni og samhygð, og viðhorf eins og ástríða fyrir viðfangsefninu skipta engu minna máli.

Maður getur bæði horft jákvæðum og neikvæðum augum fram á við í hæfnimálum háskóla. Á jákvæðu hliðinni er sú staðreynd að aldrei hefur meira verið rætt um hæfni. Margt konar hæfniramar hafa verið unnir og sjaldan hefur jafn mikil vinna verið lögð í að setja þá fram. Þrepaskiptir rammar ná yfir menntun nemenda og starfsþróun kennara með ágætum lýsingum á margt konar hæfni-viðmiðum. Allt er þetta byggt á rannsóknum síðastliðinna tuttugu ára og þeim ríka samhljómi sem hefur skapast hjá alþjóðastofnunum og alþjóðlegum netum háskólastofnana. Sumt er jafnvel afburðagott eins og Háskóli Íslands þekkir úr Aurora-samstarfinu og þeim hæfniviðmiðum sem þar voru dregin upp. En á sama tíma vakna spurningar um innleiðingu og sameiginlegan skilning innan íslenskra háskóla. Hefur til dæmis mögulega myndast fulldjúp gjá milli þeirra sem annars vegar hafa stúderað hugtakið og vinna í kennslufræðum og hinna sem sinna kennslu og virðast ekki átta sig hvaða hugsun liggur þarna að baki? Enn heyrir maður ólíkan skilning á því og mismunandi hugmyndir um mikilvægi þess. Hæfni er til dæmis ekki viðfangsefni eða verkefni sem þarf að ljúka. Verkefni eru það sem við ljúkum við til þess að öðlast hæfnina. Hæfni er það sem nemendur á öllum skólastigum og fagfólk í hvers konar starfsgreinum þarf að öðlast til að ná trúverðugleika í því hlutverki sem það er hverju sinni og halda síðan áfram yfir á næsta stig. Markmiðið er alltaf að sannfæra aðra um að maður búi yfir nauðsynlegri hæfni. Lifandi skilningur á hæfni er í raun aldrei einkamál menntakerfa en þau leiða svo sannarlega alla þróun hugtaksins.